



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Nefndasvið Alþingis
b.t. iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

8. júlí 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða, 660. mál

Hér er um að ræða mjög mikilvægt þingmál að mati Samorku, en verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar hefur unnið mikið starf og mikilvægt að sú vinna geti orðið forsenda aukinnar sáttar um þennan málaflokk. Líkt og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er Samorka einn nokkurra aðila sem áttu þess kost að skoða drög að frumvarpinu á fyrri stigum og koma á framfæri athugasemdum, sem Samorka og gerði og ber að þakka þau ágætu vinnubrögð. Í því frumvarpi sem nú er til umfjöllunar á Alþingi hafa verið gerðar talsverðar breytingar frá þeim drögum sem Samorka fjallaði um í nóvember 2009. Ánægjulegt er að tekið hefur verið tillit til nokkurra ábendinga Samorku, þótt vissulega gildi það engan veginn um allar ábendingar samtakanna.

Leikreglunum breytt eftir á

Aðrar breytingar hafa hins vegar orðið á frumvarpinu frá þeim drögum sem kynnt voru Samorku í nóvember 2009. Hérna ber hæst þá viðbót sem gerð hefur verið við 3. mgr. 3. gr., þess efnis að verndar- og nýtingaráætlun taki ekki til landsvæða sem njóti friðlýsingar í samræmi við 50. gr. laga um náttúruvernd nema tiltekið sé í friðlýsingarskilmálum að virkjunarframkvæmdir séu heimilar á viðkomandi svæði. Hér er á ferðinni eftirbreyting á þeim forsendum sem verkefnisstjórnin hefur unnið samkvæmt, en hún er nú um það bil að ljúka sinni vinnu að II. áfanga rammaáætlunar. Forsendur slíkra friðlýsinga geta verið afar mismunandi og eru oft á engan hátt tengdar hugsanlegri orkuvinnslu. Eftir því sem Samorka kemst næst býr enginn aðili í íslenska stjórnkerfinu yfir neinni heildaryfirsýn yfir hvað þessi viðbót við frumvarpið þýðir í raun. Ef dæmi er tekið af friðlýsingu Reykjanesfólkvangs (Stj.tíð. B, nr. 520/1975) þá kemur þar fram að hagnýting jarðhita, t.d. í Krísuvík, og mannvirkjagerð í því sambandi er undanskilin banni við öllu jarðraski innan fólkvangsins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Um Friðland að Fjallabaki (Stj.tíð. B, nr. 354/1979) er hins vegar ekki gerð nein slík undanþága. Torfajökull er innan friðlandsins og því má ætla að þessi viðbót við frumvarpið hafi jafnvel í för með sér að allt Torfajökulssvæðið falli utan verndar- og nýtingaráætlunar, a.m.k. ef horft verður á það allt sem einn orkukost líkt og faghópar verkefnisstjórnar nr. I og II



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

leggja til (en Samorka hefur mótmælt enda órökstudd tillaga af hálfu hópanna), en ekki sjö aðskilda kosti eins og upphaflega var gert ráð fyrir í starfi verkefnisstjórnar.

Ákvörðun um að láta þessa eftirabreytingu standa í frumvarpinu væri þannig að verulegu leyti ákvörðun um að renna þarna blint í sjóinn, en gæti t.d. reynst ákvörðun um það að allt Torfajökulssvæðið, þar sem er að finna þriðjung af öllum nýtanlegum jarðhita sem eftir í landinu, stæði utan verndar- og nýtingaráætlunarinnar. Loks má benda á að þarna er gengið út frá því að það sem ekki er sérstaklega heimilað skuli vera bannað, en alla jafna hefur þótt æskilegra að snúa hlutunum á hinn veginn.

Samorka mótmælir þessari viðbót og leggur eindregið til að hún verði felld út úr frumvarpinu. Engin ástæða er til að sýna verkefnisstjórninni og störfum hennar það mikla vantraust sem þetta ákvæði frumvarpsins felur í sér.

Áætlun um nýtingu, ekki vernd

Hvað varðar aðrar athugasemdir Samorku við frumvarpið ber fyrst að nefna (ítreka frá fyrri umsögn um drög að frumvarpi) að vægast sagt óheppilegt er hvernig einhvers konar verndaráætlun er hérna blandað saman við áætlun um nýtingu. Minnt er á að skv. skipunarbréfi verkefnisstjórnar rammaáætlunar er verkefni hennar að fjalla um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Verndun náttúrusvæða er viðfangsefni laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og er það umhverfisráðherra sem fer með yfirstjórn málaflokksins. Í drögunum er lagt til að iðnaðarráðherra setji, „í samráði og samvinnu við umhverfisráðherra“ [3. gr., 1. mgr.] fram tillögu til þingsályktunar um vernd og nýtingu landsvæða vegna virkjunar fallvatna og háhita. Fleiri lagatexta má nefna hér til sögunnar sem skarast við frumvarpið og/eða gera það að verkum að samþykkt óbreytt frumvarps mun skila flóknari og óskilvirkari stjórnsýslu en nú er. Þarna má nefna lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, lög nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997. Niðurstaðan skv. þessu frumvarpi yrði því flókið regluverk, flókið samspil mismunandi lagatexta, óljóst forræði, skörun áætlana, tvíverknaður og að fjallað yrði um sömu málin á tveimur ólíkum stöðum í sitt hvoru samhenginu sem verður að teljast afar slæm stjórnsýsla. Loks má benda á það hér að ekki er venjan að sérstök áætlun um verndun fylgi öðrum áætlunum á borð við vegaeða hafnaályktanir. Samorka leggur þess vegna eindregið til að frumvarpið verði endurskrifað á þann veg að um sé að ræða áætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Eftir sem áður munu einhverjir virkjunarkostir falla utan nýtingaráætlunar, en áætlunir um verndun náttúrusvæða eru til umfjöllunar annars staðar í stjórnkerfinu, svo sem fram kemur hér að framan.

Óljós stjórnsýsla

Þá vill Samorka vekja athygli á óljósum upplýsingum um þá stjórnsýslu og málsmeðferð sem gilda muni um nýja virkjanakosti. Fjögur ár eru langur biðtími eftir umfjöllun um hugsanlega nýja virkjanakosti. Mælst er til að sett verði ákvæði um það hvaða frekari rannsóknir þurfi að fara fram í slíkum tilvikum og hverjir geti sinnt þeim.



Önnur atriði um einstakar greinar frumvarpsins:

1. gr. Hér þarf að skilgreina hugtakið „sjálfbær þróun“, a.m.k. í greinargerð, þrjár víddir hugtaksins.

3. gr.

- 1. mgr. Hér er lagt til að tími milli framlagningar nýtingaráætlana verði stytur verulega, fjögur ár eru afar langur tími ef fjalla þarf um og hugsanlega taka inn nýja kosti.
- 2. mgr. Skilgreina þyrfti hér forsendur fyrir því hvaða kostir lendi í hverjum flokkanna þriggja og hvaða forsendur geti leitt til að þeir færast milli flokka. Ennfremur telur Samorka óþarfa að kveðið sé á um að svæði sem fari í verndarflokk verði friðlýst, nóg ætti að vera að gefa það út að viðkomandi svæði falli í umræddan verndarflokk hvað hugsanlega orkunýtingu varðar.
- 3. mgr. Áður er, í 2. mgr. þessarar umsagnar, fjallað um helstu athugasemd samtakanna við þetta frumvarp, þ.e. viðbótina sem gerð hefur verið við þess mgr. Hér þarf jafnframt að skilgreina hugtakið „varmaafli“ betur. Ef átt er við hrávarma ætti viðmiðunartalan að vera a.m.k. 300 MW í stað 50.

5. gr.

- Skilgreina þarf hvaða aðstæður þurfi til eða hver séu skilyrði þess að háhitasvæði/fallvötn hafni í biðflokki.
- Tryggja verður að hægt sé að heimila að stundaðar séu nauðsynlegar rannsóknir, t.d. að bora rannsóknarholur. Vera má að slíkar rannsóknir þurfi fyrst að fara gegnum umhverfismat, en án slíkra rannsókna fæst varla úr því skorið hvort umræddur kostur eigi að fara í annan flokk.

6. gr. Sem fyrr segir telur Samorka óþarfa að kveðið sé á um að svæði sem fari í verndarflokk verði friðlýst, nóg ætti að vera að gefa það út að viðkomandi svæði falli í umræddan verndarflokk hvað hugsanlega orkunýtingu varðar.

8. gr.

- 1. mgr. Samorka telur að sjálfsögðu mikilvægt að orkufyrirtækin fái einhverja aðkomu að þessu máli og óska samtökin því eftir aðild að verkefnisstjórninni. Athygli vekur að orkufyrirtæki koma hvergi við sögu í frumvarpsdrögunum.

9. gr.

- Hér eru í 2. mgr. settar fram býsna stífar og í mörgum tilvikum óraunæfar kröfur um þau gögn er fylgja skuli beiðni um að verkefnisstjórnin fjalli um ákveðinn virkjunarkost. Þessara upplýsinga þarf að afla með víðtækum rannsóknum sem traúðla verður ráðist í algerlega uppá von og óvon, en í tilfalli jarðhitans er einfaldlega nauðsynlegt að bora tilraunaholur áður en settar eru fram áætlanir um kostnað, afl og orkugetu. Lagt er til að í 2. setningu 2. mgr. verði bætt inn, á eftir orðunum „Beiðninni skal“ eftirfarandi: „eftir því sem kostur er“.



Sem fyrr segir er hér um afar mikilvægt þingmál að ræða að mati Samorku og leggja samtökin mikla áherslu á mikilvægi þess að niðurstöður úr vinnu verkefnisstjórnar liggi fyrir sem fyrst og fái nauðsynlega þinglega meðferð. Samorka mótmælir hins vegar þeim eftirá breytingum sem gerðar hafa verið á leikreglum þessarar vinnu og fjallað er um í 2. og 3. mgr. þessarar umsagnar. Ennfremur myndu samtökin vilja sjá nokkrar aðrar breytingar á frumvarpinu líkt og rakið er í þessari umsögn, en styðja að því sögðu að frumvarpið verði samþykkt að gerðum umræddum breytingum.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllt,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri